

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

2007/EES/26/05

frá 17. desember 2003

um breytingu á ákvörðun 95/408/EB um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá, að því er varðar framlengingu gildistíma hennar (*)

(2003/912/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun 95/408/EB fellur úr gildi 31. desember 2003.
- 2) Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um ítarlegar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽²⁾ (reglugerðin um skipulag opinbers eftirlits) er kveðið á um nýjar verklagsreglur fyrir gerð skráa yfir starfsstöðvar þriðju landa sem ætlað er að koma í stað þeirra reglna sem mælt er fyrir um í ákvörðun 95/408/EB.
- 3) Gildistíma ákvörðunar 95/408/EB skal lengja til að brúa bilið milli loka gildistíma þeirrar ákvörðunar og gildistöku reglugerðarinnar um skipulag opinbers eftirlits.

- 4) Breyta ber ákvörðun 95/408/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í 9. gr. ákvörðunar 95/408/EB komi „31. desember 2005“ í stað „31. desember 2003“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 345, 31.12.2003, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2004, 24. september 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 17. Ákvörðun var síðast breytt með reglugerð (EB) No 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB C 262 E, 29.10.2002, bls. 449.